

Ár 1977, þriðjudaginn 7. júní, var í málinu nr. 7/1977 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi.

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 21. marz 1977, skaut Páll S. Pálsson, hrl., f.h. Njarðvíkurkaupstaðar til Yfirfasteignamatsnefndar, ágreiningi, sem hefur risið milli Njarðvíkurkaupstaðar annars vegar og Flugmálastjórnarinnar á Keflavíkurflugvelli hins vegar út af álagningu fasteignaskatts á svonefnda flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli. Lögmaður Flugmálastjórnarinnar, Vilhjálmur Þórhallsson, hrl., hefur skilað greinargerð í málinu, og er hún dagsett hinn 29. apríl 1977.

Fasteignaskattur ársins 1973 var greiddur af flugstöðvarbyggingunni, en aðeins hluti fasteignaskatts 1974. Er Flugmálastjórnin á Keflavíkurflugvelli var krafín um eftirstöðvar fasteignaskatts ársins 1974, andmælti hún skyldu til greiðslu skattsins. Með úrskurði uppboðsréttar Keflavíkurflugvallar frá 7. júlí 1975 var ákveðið, að uppboð skyldi fara fram á flugstöðvarbyggingunni til lúkningar umræddum fasteignaskatti. Úrskurði þessum áfrýjaði Flugmálastjórnin til Hæstaréttar, sem ómerkti úrskurðinn með dómi, uppkveðnum 15. marz 1977, þar sem málið hefði ekki verið lagt fyrir Yfirfasteignamatsnefnd til úrskurðar, áður en það var lagt fyrir dómstóla, sbr. lög nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, 4. gr. 3. mgr..


Njarðvíkurkaupstaður telur ríkissjóði skylt að svara fasteignaskatti af flugstöðvarbyggingunni til bæjarsjóðs Njarðvíkurkaupstaðar. Fasteign þessi sé í Njarðvíkurkaupstað og sé eign ríkissjóðs, eins og meðal annars komi fram af því, að byggingin sé skráð eign ríkissjóðs í fasteignamati og ríkissjóður hafi tryggt hana brunatryggingu. Af hálfu Njarðvíkurkaupstaðar hefur verið lagður fram ítarlegur rökstuðningur fyrir sjónarmiðum kaupstaðarins í málinu.

Flugmálastjórnin á Keflavíkurflugvelli telur ríkissjóði óskylt að svara fasteignaskatti af flugstöðvarbyggingunni. Er sú afstaða fyrst og fremst studd þeim rökum, að bandaríska ríkið sé eigandi byggingarinnar, en ekki íslenska ríkið. Þá sé réttarstaða Keflavíkurflugvallar mjög sérstæð og með þeim hætti, að sveitarfélög geti ekki krafíð greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar. Einnig sé vafasamt, að flugstöðvarbyggingin geti talist fasteign, þar sem lóðarréttindi skorti. Fasteignamat byggingarinnar sé heldur ekki löglegt, þar sem hún hafi ekki verið metin í aðalmati og verið metin af millimatsmönnum án samráðs við þá aðila, sem um slík málefni eigi að fjalla, og aðila, sem málið varðar. Rækilegur rökstuðningur fyrir sjónarmiðum ríkissjóðs eru í skriflegum greinargerðum, sem lagðar hafa verið fram af hans hálfu.


Í úrskurði þessum verður aðeins tekið til athugunar, hvort ríkissjóði sé skylt að svara fasteignaskatti af umræddri flugstöðvarbyggingu. Af gögnum málsins kemur fram, að Bandaríkin létu reisa flugstöðvarbygginguna. Hinn 29. maí 1964 var hins vegar gert samkomulag milli Varnarliðsins og íslensku ríkisstjórnarinnar „um afhendingu hótél- og flugstöðvarbyggingar Varnarliðs Íslands til íslensku ríkisstjórnarinnar“, sbr. og breytingu á þessu samkomulagi frá 24. febrúar 1966. Samkvæmt fyrrgreindu samkomulagi tekur íslenska ríkisstjórnin að sér rekstur og viðhald flugstöðvarbyggingarinnar. Í samkomulaginu eru ríkisstjórninni fengnar mjög víðtækar heimildir til nýtingar og ráðstöfunar þessa mannvirkis, en ekki þykir þó hafa verið sýnt nægilega fram á, að með samkomulagi þessu hafi ríkissjóður orðið eigandi flugstöðvarbyggingarinnar í skilningi 2. mgr. 4. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga. Hafa heldur ekki verið færð fram gögn fyrir því, að ríkissjóður hafi orðið eigandi byggingarinnar með öðrum hætti. Þá verður að telja Varnarliðinu óskylt að svara fasteignaskatti af flugstöðvarbyggingunni, ^{sbr. 3. tl. 7. gr.} viðbættis um réttarstöðu liðs Bandaríkjana og eignir þeirra, ~~XXXXXXXXXXXXXXXXXXXX~~, sem var veitt lagagildi hér á landi með lögum nr. 110/1951, og engin ályktun verður af samningnum dregin í þá átt, að slík skylda hvíli í þess stað á ríkissjóði. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er ríkissjóði óskylt að svara Njarðvíkurkaupstað fasteignaskatti af flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Flugmálastjórninni á Keflavíkurflugvelli f.h. ríkissjóðs er óskylt að svara Njarðvíkurkaupstað fasteignaskatti af flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli.


Torfi Ásgeirsson.


Gaukur Jónardsson


Magnús Thoroddsen